

Hafnarfjörður, 29. sept. 2014

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar
Bt. Marínar G. Hrafnisdóttir
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Minnisvarði um sjómenn er fórust í halaveðrinu.

Á fundi Menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðar þann 17. sept, sl. var vísað til mín erindi um minnisvarða vegna sjómanna er fórust í halaveðrinu svokallaða 1925. Saga Hafnarfjarðar er samofin sjósókn og fiskveiðum í gegnum aldirnar og nábýlið við hafið hefur kostað margan hafnfirðinginn lífið. Sem dæmi um þetta má nefna stór sjóslys eins og þegar Robertson fórst í halaveðrinu 1925 með 35 manna áhöfn, þegar Papey GK 8 fórst 1933 með 9 mönnum, þegar Örn GK 5 fórst 1936 með 19 manna áhöfn, þegar Sviði GK 7 fórst 1941 með 25 manna áhöfn og þegar Júlí GK 21 fórst 1959 með 30 manna áhöfn.

Í Hafnarfirði er nú þegar að finna minnismerkið „Altari sjómannsins“ sem stendur við Víðistaðakirkju og er ætlað að heiðra minningu drukknadra sjómanna en það er verðugur minnisvarði um allan þann fjölda hafnfirðinga sem látið hafa lífið við störf sín á skipum og bátum sem gerð hafa verið út frá bænum í gegnum tíðina. Auk þessa var listaverkið „Sigling“ við Strandgötuna sett upp af Sjómannadagsráði árið 1974 til heiðurs hafnfirskri sjómannastétt og í Hafnarfjarðarkirkjugarði er veglegur minnisvarði með minningareit um horfna, drukknada og látna ástvini í fjarlægð.

Með ofangreint í huga tel ég ekki ástæðu til að setja upp sérstakan minnisvarða í bænum um skipsskaðana í halaveðrinu 1925.

Virðingarfyllst,

Björn Pétursson,
Bæjarminjavörður Hafnarfjarðar